

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar vegna baðlóns og hótels ofan við Skansinn.

Skipulagsstofnun staðfesti 9. febrúar 2026 breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 sem samþykkt var í bæjarstjórn 29. október 2025.

Í breytingunni felst skilgreining 1,7 ha verslunar og þjónustu VP-2 ofan við Skansinn þar sem er fyrirhugað að reisa fjögurra hæða hótél og baðlón með þjónustubyggingu og veitingasölu. Óbyggt svæði ÓB-3 minnkar sem því nemur. Vaxtarmörk þéttbýlis færast til þannig að þau nái utan um svæðið.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 9. febrúar 2026.

Ólafur Árnason.

B deild - Útgáfudagur: 23. febrúar 2026